kvikmyndir

Þung högg og hávær öskur!

Háskólabíó frumsýnir í kvöld myndina „Jagúarinn". Þetta er karate og bardagamynd, og þykir nokkuð spennandi.

Með helstu hlutverk fara Joe Lewis, sem sumir telja mesta karatemeistara síðan Bruce Lee dó, Christopher Lee og Donald Gleasence. Leikstjóri er Ernest Pintoff.

Flóttamaðurinn í þyrluráninu

Sýningum fer nú að fækka á Caligúla í Laugarárbíói og endursýnir kvikmyndahúsið nú mynd á 5 og 7 sýningum, en Caligúla verður áfram sýndur klukkan 9.

Endursýnda myndin heitir „Þyrlurániö", og er um bankarán og eltingaleik og koma þyrlur þar mjög við sögu.

Aðalhlutverkið leikur David Jansen (Flóttamaðurinn).

AF ERLENDUM BÓKUM:

Listasaga sem aldrei gerðist

Ný bók frá Germaine Greer

Hver man ekki eftir Germaine Greer og „Geldum konum", bókin hennar sem út kom árið 1971? Og hvað skyldi hafa orðið um hana?.

Jú, hún hefur síðan bókin kom út, verið á eilífri ferð og flugi um allan heim til að halda fyrirlestra, taka þátt í kappræðum, eða bara til að sýna sjálfa sig. Á milli ferðalaga býr hún á Ítalíu, langt upp í sveit og ræktar grænmeti og gladiolur herma fregnir. Vísir rakst á viðtal við Germaine í ensku blaði þar sem hún segist hafa verið að gróðursetja alls 3000 gladíólur. Líklega gerir hún bara allt af sama fítonskraftinum. En tilefni viðtalsins var ný bók, sem væntanlega kemur út nú fyrir jónlin. Bókin heitir,, The Obstacle Race", lauslega þýtt: „Kynstofninn hindraði" eða eitthvað í þá áttina. „Markmiðið er," segir Germaine, „að kveða þessa gömlu dellu í kútinn, að konur hafi móðurlíf í staðinn fyrir hugmyndaflug og séu þess vegna líffræðilega hindraðar í því að verða miklir listamenn. „Germaine hefur komist að þeirri niðurstöðu, eftir viðamiklar rannsóknir, að það eina sem hindri konur í því að verða stórkostlegir listsköpuðir, séu karlmenn. (hverjum hefði nú dottið það í hug?)

„Rannsóknirnar hafa tekið mig 7 ár og kostað mig u.þ.b. 50.000 pund. Ég held ég hafi skoðað öll listasöfn, allar kirkjur og öll klaustur í Evrópu og töluvert í Bandaríkjunum. Mikið af þeirri list sem konur hafa skapað hefur bara horfið. Flestar konur, sem máluðu, byrjuðu á því vegna þess að þær áttu annað hvort bróður, elskhuga eða þá föður, sem málaði. Þær voru enn sem áður undirmenn, og eyddu tíma sínum í að hreinsa burstana fyrir menninna eða þá þær stældu stíl þeirra. Að auki urðu þær að elda ofan í þá og ala börnin.


Börn eru versti óvinur einbeitninnar. Það er ekki hægt að hugsa með barn í pilsfaldinum. Og jafnvel þó svo þau sofi, hlustar móðirin eftir þeim. Hvað á sköpunarglöð kona að gera? Hljóðeinangraður klefi virðist eina lausnin.

Auðvitað eru til undantekningar. Einstaka kona gerir listaverk þrátt fyrir allar hindranirnar. En reyndu að ímynda þér hversu margar konur með hæfileika og neista fengu ekki einu sinni leyfi til að gera annað en að bródera vasaklúta."


Ms



Rithöfundurinn Germaine Greer við komuna til Keflavíkur um árið.



Yfirlitssýningu Braga Ásgeirssonar að Kjarvalsstöðum lýkur um næstu helgi og styttri gat hún varla verið. Á sýningunni er ferill Braga ljóslifandi og með eindæmum hvað listsköpun hans hefur verið — og er enn, í sífelldri endurnýjun. Rúmlega 30 ára starf liggur að baki þessum myndum, sem eru heil listasaga, og sem flestir ættu að skoða. Nú hefur líka Bragi gerst svo rausnarlegur að bjóða skólanemendum í fylgd með kennurum ókeypis á á sýninguna, í dag og á morgun. Nóg er að framvísa skólaskírteinum. Sýningin er opin frá kl. 14-22 daglega.



Hljómsveitin Mezzoforte. Hún heldur tónleika á Borginni í kvöld kl. 21. Gestur kvöldsins verður Ellen Kristjánsdóttir, söngkona.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Smalastúlkan og útlagarnir
í kvöld kl. 20

Könnusteypirinn pólitíski
4. sýning föstudag kl. 20
5. sýning sunnudag kl. 20

Snjór
laugardag kl. 20

Óvitar
sunnudag kl. 15
Fáar sýningar eftir

Litla sviðið:

Í öruggri borg
Aukasýningar í kvöld kl. 20.30 uppselt
og sunnudag kl. 15

Miðasala 13.15-20.
Sími 11200

LEIKFÉLAG REYKJAVÍKUR

Ofvitinn
í kvöld uppselt
sunnudag kl. 20.30
þriðjudag kl. 20.30

Rommí
föstudag kl. 20.30


Að sjá til þín, maður!
laugardag kl. 20.30
miðvikudag kl. 20.30

Miðasala í Iðnó kl. 14-20.30
Sími 16620

Nemendaleikhús Leiklistaskóla Íslands

Íslandsklukkan
7. sýning föstudag kl. 20
8. sýning sunnudag kl. 20
Miðasala daglega frá 16-19 í Lindarbæ. Sími 21971.

TÓNABÍÓ
Sími 31182



„PIRANHA"
Mannætufiskarnir koma í þúsundatorfum... hungraðir eftir holdi. Hver getur stöðvað þá?
Aðalhlutverk: Bradford Dillman, Keenan Wynn
Leikstjóri: Joe Dante
Sýnd kl. 5, 7 og 9
Bönnuð innan 16 ára.

Snekkjan
Opið í kvöld til kl. 1.00
Halldór Árni er á sínum stað
„Þeir fiska sem róa"
Snekkjan

STJÖRNU BÍÓ
SÍMI 18936


Lausnargjaldið
Íslenskur texti.



Hörkuspennandi og viðburðarík ný amerísk kvikmynd í litum um eltingarleik leynIþjónustumanns við geðsjúkan fjárkúgara.
Leikstjóri: Barry Shear.
Aðalhlutverk: Dale Robinette, Patrick Macnee, Keenan Wynn, Ralph Bellamy.
Sýnd kl. 5, 7, 9 og 11.

HÁSKÓLABÍÓ
Sími 22140


Jagúarinn



Ný og hörkuspennandi bardagamynd með einum efnilegasta karatekappa heimsins síðan Bruce Lee lést.
Aðalhlutverk: Joe Lewis, Christopher Lee, Donald Pleasence
Leikstjóri Ernist Pintoff
Sýnd kl. 5, 7 og 9
Bönnuð innan 14 ára.


BORGAR bíóið
SMIÐJUVEGI 1, KÓP. SÍMI 43500
(Útvegsbankahúsinu austast í Kópavogi)

Undrahundurinn




Bráðfyndin og splunkuný amerísk gamanmynd eftir þá félaga Hanna og Barbara höfunda Fred Flintstone.
Mjög spaugileg atriði sem hitta hláturtaugarnar eða eins og einhver sagði: „Hláturinn lengir lífið".
Mynd fyrir unga jafnt sem aldna.
Íslenskur texti
Sýnd kl. 5 og 7

Blazing Magnum



Spennandi kappaksturs- og sakamálamynd með Stuart Whitman í aðalhlutverki
Íslenskur texti
Sýnd kl. 9 og 11

NÝJA BÍÓ



Ný bandarísk stórmynd frá Fox, mynd er allsstaðar hefur hlotið frábæra dóma og mikla aðsókn. Því hefur verið haldið fram að myndin sé samin upp úr síðustu ævidögum í hinu stormasama lífi rokkstjörnunnar frægu Janis Joplin.
Aðalhlutverk: Bette Midler og Alan Bates.
Bönnuð börnum yngri en 14 ára.
Sýnd kl. 5 og 9.
Hækkað verð.

BÆJARBÍÓ
Sími 50184

Á krossgötum
Stórkostleg mynd hvað leik og efni snertir, í myndinni dansa ýmsir þekktustu ballettdansarar Bandaríkjanna.
Aðalhlutverk: Anne Bancroft, Shirley MacLaine
Sýnd kl. 9